

**Sp.**

### **3. Tillaga til þingsályktunar**

[3. mál]

um sölu ríkisbanka.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran,  
Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afla lagaheimildar til að selja Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands til hlutafélaga, enda verði eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Kaupandi sé hlutafélag með meira en 1000 hluthöfum og má enginn hluthafi eiga meira en tvo af hundraði hlutafjár.
2. Kaupandi setji fullkomnar tryggingar fyrir skuldbindingum bankans.
3. Söluverð sé viðunandi fyrir ríkissjóð.
4. Kaupanda verði einungis heimilt að kaupa einn banka.

#### **Greinargerð.**

Íslensku ríkisbankarnir eru ekki afsprengi félagsmálastefnu í þágu hins almenna launamanns. Upphaf þeirra má hins vegar rekja til þrýstings stóreignamanna á öndverðri þessari öld, manna sem skorti fjármagn á hagstæðum kjörum til uppbyggingar eigin atvinnurekstrar. Upp frá því hefur meginhlutverk þessara þriggja stofnana verið að þjóna fyrirtækjum með úthlutun fjármagns.

Sú hefð komst fljótt á að stjórnmalaflokkarnir hefðu rétt til áhrifa á stjórn bankanna í réttu hlutfalli við kjörfylgi í þingkosningum. Allar götur síðan hafa þeir skipað fulltrúa sína, þingmenn eða aðra flokksgæðinga, í svonefnd bankaráð sem leggja eiga arðsemis- og öryggismat á stærstu útlán ríkisbankanna. Enn fremur er það á allra vitorði að sjálfir bankastjórnarnir eru ráðnir eftir beinhörðum flokkspólitískum sjónarmiðum. Mannkostir og hæfni eru hikstalaust látin víkja fyrir pólitískum hagsmunum þegar valið er til þessara valdamiklu ábyrgðarstarfa.

Þegar framangreind atriði eru höfð í huga kemur ekki á óvart að stofnanir þessar skuli liggja undir ámæli fyrir að taka annarleg sjónarmið fram yfir arðsemis- og sanngirnis sjónarmið. Kjarni málsins er einmitt sá að virkni í stjórnmalasamtökum, að ekki sé talað um þingmennsku, samrýmist ekki edli þess starfs sem ætlast er til að æstu menn bankanna inni af hendi.

Bandalag jafnaðarmanna lítur svo á að það sé meiriháttar þrifnaðarráðstöfun að losa þessar stofnanir undan stýrimennsku stjórnmalamanna. Stjórnmalamenn eiga að afla sér og sínum samtökum fylgis á öðrum vettvangi. Hin viðkvæmu stjórnunarstörf bankanna eru betur komin í höndum faglegra starfsmanna fjær flokkavaldinu. Slíkir menn eiga þess utan ekki atvinnuöryggi sitt og frama undir vinsældum kjósenda. Þess vegna ætti þeim að gefast betra næði til að ígrunda og leggja skynsamlegt mat á lánsfjárbæðir.

Það er því tillaga Bandalags jafnaðarmanna að ríkisbankarnir þrír, Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn, verði seldir í hendur almenningshlutafélögum er lúti gildandi lögum þar um. Þessi skipan mála gerir starfsfólki, sparifjäreigendum og öllum almennungi kleift að eignast hlut í bönkunum. Slík almenningshlutafélög hljóta, edli málsins samkvæmt, að nýta innistæður sparifjäreigenda með sem skynsamlegustum hætti.

Sem fyrr greinir er það skoðun Bandalags jafnaðarmanna að ríkisbankarnir í núverandi mynd séu óedlilega mikið á valdi hins naglfasta samtryggingarkerfis flokkanna. Eins og málum er háttáð nú sjá þessar stofnanir sér minni hag í samkeppni en samræmdum

Þvingunaraðgerðum gegn neytendum. Saman leggja þeir á ráðin um óeðlilega verðlagningu á sjálfsögdustu þjónustu. Þá bindast þeir samtökum um samræmdan lokunartíma sem hentar afar illa öðrum en þeim sem standa í sjálfstæðum atvinnurekstri eða geta leyft sér að vera lausir við vinnu. Þessar skömmtunarstofnanir flokkanna taka ekki mið af þörfum hins vinnandi fólks.

Bandalag jafnaðarmanna vill uppstökkun í þessu kerfi. Það vill með hinni nýju skipan gera bankana að hagkvæmari þjónustustofnunum í þágu hins almenna neytanda, — þjónustustofnunum sem sóa ekki fjármunum fólksins í pólitísk gæluverkefni og aðrar tómsundahítir flokkanna. Stjórn málaátökin verður að færa út úr bönkunum.